

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 5/1995  
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 41/1994)*

**Svínaræktarfélag Íslands gegn Samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi, dags. 20. janúar 1995, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála, þann 27. janúar s.á., hefur félagsráð Svínaræktarfélags Íslands, áfrýjað [ákvörðun Samkeppnisráðs frá 28. desember 1994, nr. 41/1994](#).

Með ákvörðun Samkeppnisráðs er hafnað beiðni Svínaræktarfélags Íslands, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga, til útgáfu viðmiðunarverðskrár.

**II.**

Kærð er ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 41/1994, dags. 28. desember 1994. Ofangreind ákvörðun ráðsins var boðsend áfrýjanda og móttekin af starfsmanni áfrýjanda þann 28. desember 1994.

Kæra áfrýjanda barst áfrýjunarnefnd þann 27. janúar 1995.

**III.**

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 24/1994, skal skrifleg kæra til áfrýjunarnefndar berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Af framangreindu er ljóst að kæra yðar er of seint fram komin. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á [að] óviðráðanleg atvik hafi komið í veg fyrir að áfrýjað var innan lögmeðls frests eða að veigamiklar ástæður mæli með því að kærán verði tekin til meðferðar. Máli þessu er því vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

V.

Úrskurðarorð:

**„Málinu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.“**